

Orkustofnun  
b.t. Kristjáns Geirssonar  
Grensásvegi 9  
108 Reykjavík

Akureyri, 5. febrúar 2021  
UST202102-009/Í.M.J.  
10.05.05

### **Efni: Nýtingarleyfi – vinnsla jarðsjávar á Röndinni við Kópasker. Umsögn**

Vísað er til bréfs Orkustofnunar dags. 29. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda umsókn um nýtingarleyfi.

Fyrirtækið Rifós hf. hefur sótt um leyfi til nýtingar á jarðsjó á Röndinni við Kópasker til 50 ára. Áætlað umfang nýtingar er að meðaltali 220 l/s og að hámarki 400 l/s hverju sinni. Fram kemur að borholur verði átta talsins og hver þeirra 50-90 metra djúp og 50 cm sver.

Umhverfisstofnun hefur móttækið umsókn um starfsleyfi vegna eldisstöðvarinnar.

Umhverfisstofnun minnir á lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011 og tekur fram að grunnvatnshlot sem framkvæmdarsvæðið tilheyrir nefnist Melrakkaslétta og hefur vatnshlotanúmerið 102-136-G. Eina skráða álagið á vatnshlotið í vatnavefsja stjórnar vatnamála er frá sörpmeðhöndlun á Kópaskeri. Magnstaða og efnafræðilegt ástand vatnshlotsins er óþekkt. Grunnvatnshlot þurfa að ná umhverfismarkmiðum sínum um góða magnstöðu skv. reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við umrædda umsókn.

Virðingarfyllst

Ísak Már Jóhannesson  
sérfræðingur

Steinar Rafn Beck Baldursson  
sérfræðingur